

Nd.

40. Frumvarp til laga

um afnám nokkurra lagaákvæða varðandi sölverð fasteigna í sveitum.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

17. gr. laga nr. 54 4. júlí 1942 (jarðræktarlög) falli burt.

2. gr.

1., 3. og 4. málsg. 47. gr. laga nr. 108 9. okt. 1941 (byggingar- og landnámssjóður) falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á siðasta búnaðarþingi var samþykkt svo hljóðandi ályktun varðandi 17. gr. jarðræktarlaganna og hliðstæð ákvæði i lögum um byggingar- og landnámssjóð:

„Búnaðarþing lýsir yfir því, að það telur, að 17. gr. jarðræktarlaganna og hliðstæð ákvæði i lögum um byggingar- og landnámssjóð, frá 9. okt. 1941, nái ekki þeim tilgangi að koma í veg fyrir óeðlilega verðhækkun jarða, og leggur því til, að þessi ákvæði verði numin úr lögum. Jafnframt ályktar búnaðarþing að kjósa þriggja manna nefnd til þess að gera tillögur um löggjöf, er miði að því að hindra varhugaverða verðhækkun á jörðum og enn frenur lóðum og lendum í kaupstöðum, kauptúnum og í öðru þéttbýli.“

Nefnd sú, er um getur í seinni lið ályktunarinnar, var kosin þegar á þinginu, og skipa hana þeir Jens Hólmeirsson skrifstofustjóri, Jóhannes Davíðsson bóndi og Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður. Hefur hún fyrir nokkru hafið störf sín, en ekki lokið við að ganga frá tillögum enn þá. Flm. þessa frumvarps telur sér skylt að láta þessa afstöðu búnaðarþings koma fram á Alþingi og flytur það því hér í samræmi við þá samþykkt, er þar var gerð og að framan hefur verið getið. Telur hann sjálf sagt, að ákvæði þessi verði látin fylgjast að og fái sams konar og sameiginlega afgreiðslu á Alþingi. Virðist einsætt, að reynsla sú, sem nú er fengin um haldleysi þessara ákvæða til að ná þeim tilgangi, er þeim var ætlað, verði látin ráða um það að nema þau úr lögum, svo að þau eða deilan um þau standi ekki í vegin fyrir því, að annarra

raunhæfari aðgerða í þessum efnunum verði leitað. Er nú, eins og að framan er sagt, þegar hafizt handa um það, og ætti að mega vænta þess, að viðunandi lausn fáist í málí þessu, þar sem aðilar þeir, er að nefndarskipuninni standa og í nefndinni starfa, virðast á einu málí um nauðsyn þess að sporna á móti óeðlilegri verðhækku á bújörðum, lóðum og lendum.